

Reikningar

Rafrænir reikningar

Alla reikninga til Hvalfjarðarsveitar skal senda með rafrænum hætti í gegnum skeytamiðlun. Vinsamlega ekki senda pappír samhliða rafrænum reikningum. Hafa ber í huga að ekki er nægjanlegt að senda aðeins kröfu í banka.

Sendu rafrænan reikning smellið [hér](#)

Innihald reikninga

Reikninga skal stíla á kennitölu og nafn fyrirtækis auk þess sem nafn kostnaðarstaðar/deildar skal koma fram á reikningi með skýrum hætti.

Þetta á við alla reikninga á eftirfarandi kennitölur:

- Hvalfjarðarsveit kt. 630606-1950
- Heiðarveita kt. 461190-2009

Reikningur verður að innihalda sundurliðun á vöru og/eða þjónustu, magn og einingaverð ásamt öðrum lögbundnum upplýsingum á reikningi.

Aðrar mikilvægar upplýsingar sem þurfa að koma fram:

- Nafn og kennitala þess aðila sem pantar
- Nafn deildar eða verkefnis
- Sundurliðun á vinnu og efni/vörum
- Upplýsingar um greiðslutilhögun, þ.e. númer bankareiknings eða kröfunúmer
- Viðbótarupplýsingar eins og t.d. beiðnir, tíma- og verkskýrslur og önnur mikilvæg gögn skal senda sem viðhengi á **pdf** formi með rafrænum reikningum. Linkur/slóð (URL) í rafrænum reikningi sem vísar á fylgiskjal er ekki fullnægjandi afhending slíkra skjala.

Nánari upplýsingar varðandi móttöku reikninga

- Hvalfjarðarsveit áskilur sér 20 daga greiðslufrest frá móttökudegi reiknings, nema um annað hafi verið samið.
- Allir reikningar eru sendir í rafræna uppáskrift og þurfa samþykki eins til tveggja starfsmanna áður en þeir eru greiddir.
- Ef reikningur inniheldur ekki nægjanlegar upplýsingar til að meta hvert skuli senda hann í rafræna uppáskrift eða svo hægt sé að staðfesta réttmæti hans gildir ekki 20 daga greiðslufrestur.

Rétt er að benda á að:

- Reikningur sendur sem pdf-skrá með tölvupósti telst **ekki** rafrænn reikningur.
- Hvalfjarðarsveit tekur enga ábyrgð á ólögætum vöruúttektum. Mælt er með að seljendur láti alltaf kvitta fyrir vörumóttöku með greinilegri undirskrift starfsmanns Hvalfjarðarsveitar.

Allar nánari upplýsingar gefur starfsfólk Hvalfjarðarsveitar – vinsamlegast hafið samband á netfangið hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is